

LÖG

um frestun verkfallsaðgerða á Herjólfí VE.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfallsaðgerðum þeim sem Sjómannafélag Íslands hóf á Herjólfí VE hinn 5. mars sl. er frestað til og með 15. september 2014.

Með verkfallsaðgerðum er átt við vinnustöðvanir, verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða.

2. gr.

Á meðan frestun verkfallsaðgerða skv. 1. gr. stendur yfir skulu allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til gilda þeirra í milli, nema þeir semji um annað.

3. gr.

Verkfallsaðgerðir þær sem lög þessi taka til eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að lögum um meðferð sakamála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 16. september 2014.

Gjört á Bessastöðum, 2. apríl 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Hanna Birna Kristjánsdóttir.